

## Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003–2006

### *Risk of poverty and income distribution 2003–2006*

*Samantekt* Gini-stuðullinn, sem sýnir dreifingu ráðstöfunartekna meðal landsmanna á einkaheimilum, var 28 árið 2006. Stuðullinn væri 100 ef einn maður væri með allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðullinn hefur farið hækkandi með hverju árinu frá 2003 en þá var hann 24.

Tekjuhæstu 20% landsmanna eru með 3,9 sinnum hærri ráðstöfunartekjur en tekjulægstu 20% árið 2006 (fimmtungastuðull). Fimmtungastuðullinn var 3,4 árið 2003.

Af 29 Evrópuþjóðum var Ísland í 15. til 16. sæti í samanburði á Gini-stuðlinum og í 13. til 14. sæti í samanburði á fimmtungastuðlinum. Gini-stuðullinn og fimmtungastuðullinn hafa hækkað meira hjá Íslandi en flestum öðrum Evrópuþjóðum.

Af 29 Evrópuþjóðum árið 2006 var Ísland ein þriggja þjóða sem var með lægsta lágtekjuhlutfallið. Þróun lágtekjuhlutfalls er ekki á sama veg og þróun fimmtunga- og Gini-stuðulsins þar sem Ísland hefur stöðugt verið meðal þeirra lægstu. Svo virðist sem þróun tekjudreifingar árin 2003 til 2006 sé á þann veg að þeir tekjulægstu séu í svipaðri stöðu samanborið við miðgildið, eða meðalmanninn, en þeir tekjuhæstu hækki á sama tímabili meira en aðrir.

Árin 2003 til 2006 voru tæplega 10% þeirra sem bjuggu á einkaheimilum fyrir neðan lágtekjumörk (e. *at risk of poverty*) eins og þau eru skilgreind í lífskjararannsókn Evrópusambandsins. Lágtekjumörkin voru 126.000 krónur í ráðstöfunartekjur á mánuði fyrir einstakling sem bjó einn árið 2006 en 264.500 krónur fyrir tvo fullorðna með tvö börn.

Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum árið 2006 var hæst hjá konum í aldurshópnum 18–24 ára, rúm 15%, og hjá konum 65 ára og eldri tæp 19%. Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum var lægst hjá fólki í aldurshópnum 50–64 ára eða 5–6%.

Þeir sem eru með háskólapróf eru í minnstri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum eða 4,3%. Lítil munur er á þeim sem hafa grunnskólapróf sem hæstu gráðu og þeim sem hafa lokið framhaldsskóla hvað varðar tilhneigingu til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk.

Hlutfallslega fleiri sem bjuggu einir eða voru einir með börn voru undir lágtekjumörkum en þeir sem bjuggu á annars konar heimilum. Það sama gildir um þá sem bjuggu í leiguhúsnæði samanborið við þá sem bjuggu í eigin húsnæði.



## Inngangur

Í byrjun árs 2004 hóf Hagstofa Íslands að framkvæma lífsskjararannsókn sem er hluti af samræmdri lífsskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Sambærileg rannsókn er gerð í öllum löndum Evrópusambandsins, í Noregi og Sviss. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og gengið er út frá ráðstöfunartekjum heimila þegar efnahagsleg staða fólks er metin.

Við hönnun lífsskjararannsóknarinnar var lagt upp með að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnsýsluskrá, en sneiða jafnframt hjá göllum. Upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá sem gefa áreiðanlegri upplýsingar um tekjur en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru fengnar með símaviðtali sem gefur betri upplýsingar um þá sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Fyrsta rannsóknin hér á landi var gerð í ársbyrjun 2004 og var viðmiðunarárið 2003. Í þessu hefti er fjallað um rannsóknirnar sem gerðar voru árin 2004 til 2007 en þær byggjast á tekjum næsta árs á undan. Í skýringum aftast má sjá túlkun á aðferðum og hugtökum. Skýringarnar eru númeraðar og verður vísað í þau númer eftir því sem við á (bls. 18–19).

### Tafla 1. Svarhlutfall, úrtak og fjöldi þátttakenda

Table 1. Response rate, sample and number of participants

	Könnunarár <i>Survey year</i>			
	2004	2005	2006	2007
Svarhlutfall, % <i>Response rate, %</i>	74	75	73	74
Heildarúrtak <i>Total sample</i>	3.998	4.018	4.033	4.041
Heimili utan þýðis <i>Households out of scope</i>	128	121	152	139
Heimili í þýði <i>Households in scope</i>	3.870	3.897	3.881	3.902
Heimili sem tóku þátt <i>Households responding</i>	2.882	2.928	2.845	2.872
Neituðu <i>Refused</i>	644	525	593	583
Fjarverandi <i>Absent</i>	282	354	381	361
Ófær um að svara <i>Unable to respond</i>	52	55	28	44
Annað brottfall <i>Other nonresponse</i>	10	35	34	42
Fjöldi heimilismanna 16 ára og eldri <i>Household members 16 or older</i>	6.601	6.670	6.521	6.567
Heildarfjöldi heimilismanna <i>Total number of household members</i>	8.793	8.840	8.598	8.655

## Helstu niðurstöður

Gini-stuðullinn sýnir hvernig heildartekjur samfélagsins dreifast meðal landsmanna. Gini-stuðullinn væri 100 ef allar tekjur tilheyrðu sama einstaklingi en aðrir hefðu ekkert. Stuðullinn væri 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.

Fimmtungastuðull (S80/S20, *quintile share ratio*) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu (skýring 5) sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og sambærilegra tekna þeirra 20% tekjulægstu. Fimmtungastuðullinn tekur því aðeins tillit til 40% af gagnasafninu en Gini-stuðullinn er reiknaður út frá öllum.

Lágtekjuhlotfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi.

*Gini-stuðull og fimmtunga-  
stuðull hafa hækkað á  
Íslandi en lágtekjumörk litið  
breyst*

Gini-stuðullinn á Íslandi hefur farið hækkanði þau fjögur ár sem lífskjararannóknin hefur verið framkvæmd. Árið 2003 var stuðullinn 24 en hann er kominn í 28 árið 2006.

**Tafla 2. Gini-stuðull, fimmtungastuðull og hlutfall undir lágtekjumörkum**  
*Table 2. Gini coefficient, income quintile share ratio and the at-risk-of-poverty rate*


	2003	2004	2005	2006	2006	
					Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
Gini-stuðull <i>The Gini coefficient</i>	24	25	26	28	± 1,6	297.000
Fimmtungastuðull <i>Income quintile share ratio</i>	3,4	3,5	3,7	3,9	± 0,3	118.800
Hlutfall undir lágtekjumörkum <i>The at-risk-of-poverty rate</i>	10,0	9,7	9,6	9,9	± 1,2	29.500

Að sama skapi hefur fimmtungastuðullinn hækkað á árunum 2003–2006. Hann gefur til kynna að þeir sem tilheyrðu tekjuhæsta fimmtungnum árið 2006 höfðu 3,9 sinnum hærri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en þeir sem tilheyrðu tekjulægsta fimmtungnum og 3,4 sinnum hærri árið 2003. Bæði fimmtungastuðullinn og Gini-stuðullinn segja sömu söguna og benda til þess að bilið milli þeirra tekjuhærri og þeirra tekjulægri hafi breikkað á árabílinu 2003 til 2006.

Þegar litið er á lágtekjuhlotfallið sjást litlar breytingar meðal Íslendinga á tímabilinu 2003 til 2006. Breytingin virðist því vera á þann veg að þeir tekjuhærri hafi hækkað miðað við meðalmanninn án þess að þeir tekjulægri hafi lækkað að sama skapi.

### Mynd 1. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður 2006

Figure 1. The Gini coefficient, European comparison 2006




Í evrópskum samanburði var Ísland í miðjum hópi Evrópuþjóða tekjuárið 2006, eða 15.–16. sæti af 29 þegar raðað er frá lágsta Gini-stuðlinum til þess hæsta. Allar hinar Norðurlandþjóðirnar hafa lægri Gini-stuðul en Ísland. Árið 2006 var stuðullinn lægstur 23 hjá Svíum og Slóvenum.

Í töflu 17 (sjá töfluviðauka á bls. 21) má sjá alþjóðlegan samanburð fyrir árin 2003–2006. Þar kemur fram að Ísland var númer 7–9 árið 2005 og 4–5 árið 2004. Árið 2003 var Ísland í 2.–3. sæti en það ár er varla sambærilegt við hin þrjú vegna þess hversu fá lönd framkvæmdu lífskjarakönnunina það ár.

## Mynd 2. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2006


Figure 2. Income quintile share ratio, European comparison 2006



Þegar fimmtungastuðull Íslands er borinn saman við önnur lönd er þróunin svipuð og hjá Gini-stuðlinum (sjá töflu 18 í töfluviðauka á bls. 22). Tekjubilið á Íslandi breikkaði meira en í flestum öðrum Evrópulöndum á tímabilinu 2003 til 2006. Ísland færirst úr 3.–4. sæti árið 2004 í 7.–8. sæti árið 2005 og er komið í 13.–14. sæti árið 2006. Svíþjóð og Slóvenía eru með lægsta fimmtungastuðulinn árið 2006.

### Mynd 3. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2006

Figure 3. At-risk-of-poverty rate, European comparison 2006



Þróunin er ekki á sama veg þegar lágtekjuhlutfallið á Íslandi er borið saman við önnur Evrópulönd. Lágtekjuhlutfallið á Íslandi er stöðugt sem og röð Íslands meðal annarra Evrópuþjóða, 2.–3. sæti árið 2005 en 1.–3. sæti árin 2005 og 2006 (sjá töflu 19 á bls. 23). Þetta bendir til þess að aukinn ójöfnuður á Íslandi sé til kominn vegna þess að hinir tekjuháa bæti við sig án þess að hinir tekjulágu dragist frekar aftur úr í samanburði við meðalmanninn.

### Lágtekjuhlutfall

Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu var 209.900 krónur árið 2006

Á árinu 2006 var miðgildi (skýring 2) ráðstöfunartekna á neyslueiningu 209.900 krónur á mánuði en 185.600 krónur árið áður. Þessi tala miðast við einstakling sem býr einn og má segja að hún lýsi ráðstöfunartekjum venjulegs Íslending. Heimili þar sem fleiri búa þurfa hærri tekjur til að hafa sambærileg lífskjör. Þannig þarf t.d. heimili þar sem búa tveir fullorðnir einstaklingar með tvö börn að hafa 441.000 krónur til að hafa sambærilegar ráðstöfunartekjur og umræddur einstaklingur sem býr einn (skýring 5).

**Tafla 3. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu, tíundarhlutar***Table 3. Equivalised disposable income, percentiles*

Á mánuði <i>Per month</i>	2003	2004	2005	2006	Vikmörk <i>CI</i> 2006
10%	96.800	104.000	112.400	126.200	± 46.300
20%	115.700	125.600	135.600	152.700	± 42.200
30%	133.400	140.900	153.700	172.000	± 41.700
40%	147.800	156.800	168.900	190.700	± 43.800
50%	161.500	171.900	185.600	209.900	± 49.100
60%	177.100	188.200	203.700	233.100	± 58.800
70%	196.400	206.700	225.900	263.300	± 64.700
80%	220.700	236.400	255.600	299.400	± 84.500
90%	261.000	283.200	314.600	376.400	± 160.600

**Skýringar** *Notes:* Hlutfallstölurnar sýna það hlutfall einstaklinga sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en upphæðin sem gefin er. Til dæmis eru 50% einstaklinga með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 209.900 krónur á mánuði árið 2006. *The percentiles show the percentage of persons with lower income than the given amounts. For example 50% of persons have equivalised disposable income which is lower than 209,900 ISK per month in 2006.*

Lágtekjumörk voru 126.000 krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu árið 2006 fyrir einstakling sem bjó einn

Lágtekjumörk árið 2006 voru 126.000 krónur á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 126.000 krónur á mánuði voru þannig fyrir neðan lágtekjumörk samkvæmt skilgreiningunni. Samsvarandi upphæð fyrir heimili þar sem bjuggu tveir fullorðnir og tvö börn yngri en 14 ára var 264.500 krónur á mánuði (skýring 1).

**Tafla 4. Lágtekjumörk, tvö dæmi***Table 4. At-risk-of-poverty threshold (illustrative values)*

Krónur á mánuði <i>ISK per month</i>	2003	2004	2005	2006	Vikmörk <i>CI</i> 2006
Einn á heimili <i>One person household</i>	96.900	103.200	111.400	126.000	± 17.700
Tveir fullorðnir og tvö börn <i>Two adults and two children</i>	203.500	216.700	233.900	264.500	± 37.100

Lágtekjumörk eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu ESB

Til að undirstrika það að lágtekjumörkin eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins má sjá á töflu 5 hvernig sá hópur, sem fellur fyrir neðan viðmiðunarmörkin, stækkar eða minnkar þegar mörkin eru færð til. Samkvæmt viðmiði Evrópusambandsins voru 9,9% Íslendinga undir lágtekjumörkum árið 2006. Ef lágtekjumörkin eru sett við 50% af miðgildi, líkt og OECD gerir, væru 4,9% fyrir neðan þau. Ef miðað væri við 70% væru 17,8% fyrir neðan mörkin.

### Tafla 5. Dreifing einstaklinga eftir lágtekjumörkum

Table 5. Dispersion around the at-risk-of-poverty threshold

Viðmið <i>Threshold</i>	2006					
	Hlutfall <i>Rate</i>				Vikmörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
	2003	2004	2005	2006		
40%	2,6	2,8	2,7	2,2	± 0,6	6.500
Karlur <i>Males</i>	2,4	3,2	2,5	2,0	± 0,6	3.100
Konur <i>Females</i>	2,7	2,4	3,0	2,3	± 0,6	3.400
50%	5,5	5,1	5,3	4,9	± 0,9	14.700
Karlur <i>Males</i>	5,6	5,6	5,4	4,9	± 1,0	7.400
Konur <i>Females</i>	5,4	4,7	5,2	5,0	± 1,0	7.300
60%	10,0	9,7	9,6	9,9	± 1,2	29.500
Karlur <i>Males</i>	9,6	9,8	9,1	8,9	± 1,3	13.400
Konur <i>Females</i>	10,5	9,6	10,1	11,0	± 1,3	16.100
70%	18,5	16,7	17,2	17,8	± 1,4	53.000
Karlur <i>Males</i>	17,3	16,1	16,2	16,7	± 1,6	25.100
Konur <i>Females</i>	19,7	17,4	18,3	19,0	± 1,6	27.800

**Skýringar** Notes: Vikmörk voru reiknuð fyrir árið 2006 sem er nýjasta árið. *Confidence interval (CI)* was calculated for the year 2006, which is the latest year.



Tæplega 10% voru undir lágtekjumörkum árið 2006 miðað við skilgreiningu ESB

Eins og áður kom fram voru 9,9% landsmanna undir lágtekjumörkum samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins árið 2006 og verður gengið út frá sömu viðmiðunum hér. Vikmörkin í töflunni sýna þá óvissu sem mælingin hefur í för með sér þar sem um úrtakskönnun er að ræða (skýring 11).

**Tafla 6. Lágtekjuhluftfall eftir aldri og kyni**  
Table 6. At-risk-of-poverty rate by age and gender

	Hlutfall Rate				2006	
	2003	2004	2005	2006	Vikmörk CI	Áætlaður fjöldi Estimated number
<b>Allur aldur All ages</b>						
Alls Total	10,0	9,7	9,6	9,9	± 1,2	29.500
Karlar Males	9,6	9,8	9,1	8,9	± 1,3	13.400
Konur Females	10,5	9,6	10,1	11,0	± 1,5	16.100
<b>0–17 ára years</b>						
Alls Total	11,5	10,1	11,5	11,7	± 2,1	9.100
<b>18–24 ára years</b>						
Alls Total	16,3	16,9	12,7	11,8	± 3,0	3.600
Karlar Males	13,8	15,7	9,5	8,3	± 3,2	1.300
Konur Females	19,1	18,1	16,1	15,5	± 4,3	2.300
<b>25–49 ára years</b>						
Alls Total	9,5	9,3	9,0	8,7	± 1,4	9.200
Karlar Males	9,4	9,0	9,0	8,8	± 1,8	4.800
Konur Females	9,5	9,6	9,1	8,6	± 1,6	4.500
<b>50–64 ára years</b>						
Alls Total	4,5	5,8	4,2	5,5	± 1,6	2.700
Karlar Males	4,4	7,1	4,3	5,9	± 2,2	1.500
Konur Females	4,7	4,5	4,1	5,0	± 1,8	1.200
<b>65 og eldri and over</b>						
Alls Total	10,3	9,2	11,8	14,7	± 3,6	4.900
Karlar Males	8,8	8,6	10,0	10,1	± 4,0	1.600
Konur Females	11,7	9,8	13,5	18,8	± 5,2	3.300
<b>18 og eldri and over</b>						
Alls Total	9,5	9,6	8,9	9,3	± 1,1	20.400
Karlar Males	8,9	9,5	8,2	8,3	± 1,3	9.100
Konur Females	10,1	9,6	9,6	10,4	± 1,4	11.300
<b>18–64 ára years</b>						
Alls Total	9,3	9,6	8,4	8,4	± 1,1	15.500
Karlar Males	8,9	9,6	7,8	8,0	± 1,3	7.500
Konur Females	9,8	9,6	8,9	8,8	± 1,3	8.000
<b>0–64 ára years</b>						
Alls Total	10,0	9,8	9,3	9,3	± 1,2	24.600
Karlar Males	9,7	10,0	9,0	8,8	± 1,3	11.800
Konur Females	10,3	9,6	9,7	9,9	± 1,5	12.800

Þegar litið er til kyns og aldurs eru konur 65 ára og eldri sá hópur sem hefur mesta tilhneigingu til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk árið 2006. Í sama aldurshópi voru 10,1% karla undir lágtekjumörkum. Úrtakið er þó ekki nægjanlega stórt til að hægt sé að fullyrða að munur sé á kynjunum í þessum aldurshópi þar sem vikmörkin skarast. Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum var lægst í aldurshópnum 50–64 ára eða 5 til 6%. Í aldurshópnum 0–17 ára voru 11,7% undir lágtekjumörkum árið 2006.

Þegar ellilífeyrir, örorkubætur og ekknaþætur eru taldar með ráðstöfunartekjum (tafla 7) en aðrar félagslegar greiðslur undanskildar (skýring 3) voru 18,0% undir lágtekjumörkum árið 2006. Í elsta hópnum, 65 ára og eldri, voru 20,1% fyrir neðan lágtekjumörk.

**Tafla 7. Lágtekjuhlutfall að meðöldum ellilífeyri, örorkubótum og ekknaþótum en án annarra félagslegra greiðslna**

Table 7. *At-risk-of-poverty rate before social transfers except old-age and survivors benefits*

					2006	
	Hlutfall <i>Rate</i>				Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	2003	2004	2005	2006	<i>CI</i>	<i>Estimated number</i>
<b>Allur aldur <i>All ages</i></b>						
Alls <i>Total</i>	19,1	19,5	18,5	18,0	± 1,4	53.600
Karlur <i>Males</i>	18,2	19,4	17,7	16,7	± 1,7	25.200
Konur <i>Females</i>	20,0	19,6	19,3	19,4	± 1,5	28.400
<b>0–17 ára <i>years</i></b>						
Alls <i>Total</i>	24,0	23,4	22,8	23,0	± 2,5	18.000
<b>18 og eldri <i>and over</i></b>						
Alls <i>Total</i>	17,2	18,0	16,8	16,3	± 1,3	35.600
Karlur <i>Males</i>	16,0	17,4	15,4	14,5	± 1,5	16.000
Konur <i>Females</i>	18,4	18,5	18,2	18,1	± 1,6	19.600
<b>18–64 ára <i>years</i></b>						
Alls <i>Total</i>	17,5	18,7	16,7	15,6	± 1,3	28.900
Karlur <i>Males</i>	16,5	18,2	15,4	14,3	± 1,6	13.600
Konur <i>Females</i>	18,7	19,3	17,9	16,9	± 1,6	15.300
<b>65 og eldri <i>and over</i></b>						
Alls <i>Total</i>	15,3	13,8	17,8	20,1	± 4,0	6.700
Karlur <i>Males</i>	13,0	12,8	15,7	15,6	± 4,4	2.400
Konur <i>Females</i>	17,3	14,8	19,9	24,1	± 5,5	4.300

Greiðslur úr félagslega kerfinu skipta miklu máli fyrir elsta aldurshópinn

Þegar öllum félagslegum greiðslum er sleppt sést veruleg breyting á högum elsta aldurs-  
hópsins, því að 80% af þeim sem voru 65 ára og eldri falla þá undir lágtekjumörkin  
árið 2006. Greiðslur úr almannatrygginga- og lífeyrissjóðakerfinu skipta því verulegu  
máli fyrir þennan aldurshóp.

**Tafla 8. Lágtekjuhluftfall þegar öllum félagslegum greiðslum er sleppt**

Table 8. *At-risk-of-poverty rate before social transfers*

	Hlutfall <i>Rate</i>				2006	
	2003	2004	2005	2006	Vikmörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
<b>Allur aldur <i>All ages</i></b>						
Alls <i>Total</i>	29	28	27	26	± 1,5	77.500
Karlur <i>Males</i>	26	27	26	24	± 1,8	36.100
Konur <i>Females</i>	31	29	29	28	± 1,6	41.500
<b>0–17 ára <i>years</i></b>						
Alls <i>Total</i>	26	25	24	24	± 2,6	18.800
<b>18 og eldri <i>and over</i></b>						
Alls <i>Total</i>	30	30	28	27	± 1,5	58.700
Karlur <i>Males</i>	27	28	26	24	± 1,7	26.500
Konur <i>Females</i>	32	32	30	30	± 1,8	32.300
<b>18–64 ára <i>years</i></b>						
Alls <i>Total</i>	20	21	19	17	± 1,4	32.100
Karlur <i>Males</i>	18	20	17	16	± 1,6	14.800
Konur <i>Females</i>	22	21	20	19	± 1,6	17.300
<b>65 og eldri <i>and over</i></b>						
Alls <i>Total</i>	83	81	81	80	± 3,3	26.700
Karlur <i>Males</i>	79	77	76	75	± 4,2	11.700
Konur <i>Females</i>	86	85	85	85	± 3,6	15.000

Peir sem eru án vinnu eru líklegri en aðrir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Hlutfall fólks undir lágtekjumörkum var 17% meðal þeirra sem ekki voru í vinnu en 6,9% meðal starfandi fólks árið 2006. Vegna þess hversu fáir einstaklingar eru á bak við mælinguna á atvinnuleysi eru vikmörkin víð og endurspeglar það hversu hópurinn er viðkvæmur fyrir sveiflum.

### Tafla 9. Lágtekjuhlutfall eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni

Table 9. At-risk-of-poverty rate by most frequent activity status and gender

	Hlutfall Rate				2006	
	2003	2004	2005	2006	Vikmörk CI	Áætlaður fjöldi Estimated number
<b>Heildarfjöldi Total</b>						
Alls Total	9,4	9,4	8,8	9,2	± 1,1	19.700
Karlur Males	8,9	9,3	8,2	8,2	± 1,1	8.800
Konur Females	10,0	9,5	9,4	10,3	± 1,1	10.800
<b>Starfandi Employed</b>						
Alls Total	6,9	7,9	6,5	6,9	± 1,0	11.300
Karlur Males	7,2	8,5	6,9	6,8	± 1,2	6.000
Konur Females	6,7	7,3	6,1	7,0	± 1,2	5.300
<b>Ekki í vinnu Not at work</b>						
Alls Total	16,1	13,9	16,3	17,0	± 3,0	8.300
Karlur Males	14,8	12,7	14,1	14,5	± 4,2	2.800
Konur Females	16,9	14,8	17,7	18,5	± 3,8	5.500
<b>Atvinnulausir Unemployed</b>						
Alls Total	27,1	26,1	13,8	20,6	± 15,8	300
Karlur Males	30,2	15,2	16,8	8,0	± 15,3	0
Konur Females	23,8	34,9	11,0	28,7	± 22,1	300
<b>Á eftirlaunum Retired</b>						
Alls Total	11,9	10,3	11,8	15,8	± 4,0	4.900
Karlur Males	9,2	9,5	10,4	12,9	± 5,1	1.600
Konur Females	14,0	10,8	12,8	17,8	± 5,1	3.300
<b>Aðrir utan vinnu Other inactive</b>						
Alls Total	20,5	19,0	24,3	18,8	± 4,5	3.100
Karlur Males	21,3	18,3	21,3	18,5	± 7,5	1.200

**Tafla 10. Lágtekjuhlutfall eftir vinnuhlutfalli á heimili***Table 10. At-risk-of-poverty rate by work intensity of the household*

Vinnuhlutfall á heimili <i>Percent of work intensity of the household</i>					2006	
	Hlutfall <i>Rate</i>				Vikmörk	Áætlaður fjöldi
	2003	2004	2005	2006	<i>CI</i>	<i>Estimated number</i>
<b>Heimili með börn</b>						
<b><i>Households without children</i></b>						
0%	26,9	16,1	11,5	20,9	± 13,9	600
1%–99%	12,5	14,6	10,0	9,9	± 3,7	2.300
100%	4,9	8,0	4,5	4,9	± 1,7	2.600
<b>Heimili án barna</b>						
<b><i>Households with children</i></b>						
0%	43,1	17,2	38,3	25,3	± 20,1	700
1%–49%	32,7	24,8	48,6	31,1	± 15,3	1.600
50%–99%	11,6	10,1	12,4	13,2	± 3,4	7.200
100%	6,9	7,1	6,9	6,6	± 1,7	8.300

*Vinnuhlutfall heimilis hefur mikil áhrif á það hvort einstaklingarnir sem þar búa lendi undir lágtekjumörkum*

Tafla 10 sýnir heimili greind eftir vinnuhlutfalli á heimili. Vinnuhlutfallið er reiknað þannig að fjölda mánaða innan ársins sem fullorðnir einstaklingar á hverju heimili voru í vinnu er deilt með 12 eða heildarfjölda mánaða hvers árs. Sem dæmi má nefna heimili með tveimur fullorðnum einstaklingum (skýring 8). Ef báðir voru í vinnu 12 mánuði ársins þá er hlutfallið  $(12+12) / (12+12) * 100$  eða 100%. Ef annar einstaklingurinn hefur verið án vinnu helming ársins en hinn vinnandi allt árið þá er hlutfallið  $(6 + 12) / (12 + 12) * 100 = 75\%$ .

Vinnuhlutfall á heimili er greint eftir því hvort börn eru á heimilinu eða ekki. Ef litið er á heimili án barna kemur í ljós að eftir því sem vinnuhlutfallið er lægra þeim mun líklegra er að heimilið lendi fyrir neðan lágtekjumörk. Munurinn fyrir árið 2006 er þó ekki tölfræðilega marktækur nema á milli heimila þar sem vinnuhlutfallið er 0% og 100% vegna þess hversu fáir einstaklingar eru á heimilum þar sem enginn er vinnandi.

Þegar litið er til heimila með börn kemur í ljós að þau heimili þar sem vinnuhlutfallið er hærra en 0% og lægra en 50% eru líklegust til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk. Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur vegna víðra vikmarka.

**Tafla 11. Lágtekjuhluftfall eftir fullu starfi eða hlutastarfi og kyni***Table 11. At-risk-of-poverty rate by full time or part time work and gender*

	Hlutfall <i>Rate</i>				2006	
	2003	2004	2005	2006	Vikmörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
<b>Heildarfjöldi <i>Total</i></b>						
<i>Alls Total</i>	6,4	7,2	5,8	5,9	± 1,0	8.700
<i>Karlar Males</i>	6,6	7,7	6,5	6,3	± 1,0	5.100
<i>Konur Females</i>	6,2	6,5	5,0	5,5	± 1,0	3.600
<b>Fullt starf <i>Full-time</i></b>						
<i>Alls Total</i>	6,0	6,6	5,7	5,9	± 1,0	7.500
<i>Karlar Males</i>	6,4	7,1	6,5	6,2	± 2,2	4.800
<i>Konur Females</i>	5,4	5,7	4,4	5,5	± 1,3	2.700
<b>Hlutastarf <i>Part-time</i></b>						
<i>Alls Total</i>	8,1	9,3	7,0	6,1	± 1,3	1.200
<i>Karlar Males</i>	9,0	13,6	8,4	7,7	± 5,8	200
<i>Konur Females</i>	7,8	8,1	6,7	5,8	± 2,4	900

*Ekki er mikill munur á þeim sem eru í fullu starfi og hlutastarfi á því hvor hópurinn sé líklegri til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk*

Þegar fólk í hlutastarfi er borið saman við fólk í fullu starfi um það hversu hátt hlutfall er undir lágtekjumörkum er munurinn ekki mikill. Undir lágtekjumörkum eru 5,9% þeirra sem eru í fullu starfi en 6,1% þeirra sem eru í hlutastarfi.

Tölurnar í töflum 9 og 11 eru í samræmi við skilgreiningar Evrópusambandsins. Ekki er fullkomið samræmi í tölum taflnanna og skýrist það af því að skilgreiningarnar á hugtakinu starfandi eru ólíkar. Í töflu 9 eru starfandi þeir sem eru 18 ára og eldri og segjast hafa verið meira en helming ársins í fullu starfi eða hlutastarfi. Í töflu 11 eru í fullu starfi þeir sem líta aðallega á sig sem starfandi í fullu starfi á þeim tíma sem viðtalið var tekið, í byrjun næsta árs. Í hlutastarfi eru þeir sem líta aðallega á sig sem starfandi í hlutastarfi á þeim tímapunkti sem viðtalið var tekið.

**Tafla 12. Lágtekjuhlutfall eftir menntun og kyni**Table 12. *At-risk-of-poverty rate by education and gender*

	Hlutfall <i>Rate</i>				2006	
	2003	2004	2005	2006	Vikmörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
<b>Heildarfjöldi <i>Total</i></b>						
Alls <i>Total</i>	7,0	7,9	6,5	6,9	± 1,0	11.200
Karlar <i>Males</i>	7,2	8,5	6,9	6,8	± 1,0	6.000
Konur <i>Females</i>	6,8	7,3	6,0	7,0	± 1,0	5.300
<b>Grunnskóli <i>Primary education</i></b>						
Alls <i>Total</i>	9,7	9,6	8,6	7,5	± 1,8	3.800
Karlar <i>Males</i>	10,8	11,4	9,6	6,9	± 2,4	1.800
Konur <i>Females</i>	8,6	7,8	7,6	8,1	± 2,2	2.000
<b>Framhaldsskóli <i>Secondary education</i></b>						
Alls <i>Total</i>	6,9	8,5	6,8	8,0	± 1,6	5.600
Karlar <i>Males</i>	6,7	8,6	6,6	7,6	± 1,8	3.300
Konur <i>Females</i>	7,3	8,4	7,1	8,6	± 2,4	2.300
<b>Háskóli <i>University</i></b>						
Alls <i>Total</i>	2,7	4,4	3,1	4,3	± 1,6	1.800
Karlar <i>Males</i>	2,3	3,8	3,4	4,6	± 2,4	900
Konur <i>Females</i>	3,1	5,0	2,9	4,0	± 1,6	1.000

**Skýringar** Notes: Taflan inniheldur eingöngu fólk sem er starfandi. *Only those who are working are included in table 12.*

Þeir sem eru með háskólapróf eru í minnstri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum eða 4,3%. Lítill munur er á þeim sem hafa grunnskólapróf sem hæstu gráðu og þeim sem hafa lokið framhaldsskóla hvað varðar tilhneingingu til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk.

Tiltölulega hátt hlutfall leigjenda var undir lágtekjumörkum

Leigjendur voru í meiri hættu en húseigendur að lenda fyrir neðan lágtekjumörk þar sem 17,3% þeirra voru undir lágtekjumörkum árið 2006 samanborið við 8,9% húseigenda.

**Tafla 13. Lágtekjuhlutfall eftir eigin húsnæði og leiguhúsnæði**Table 13. *At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status*

	Hlutfall <i>Rate</i>				2006	
	2003	2004	2005	2006	Vikmörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>10,0</b>	<b>9,7</b>	<b>9,6</b>	<b>10,0</b>	<b>± 1,2</b>	<b>29.500</b>
Eigandi eða leigir frítt <i>Owner or rent free</i>	8,6	7,8	8,2	8,9	± 1,2	23.300
Leigjandi <i>Tenant</i>	19,3	23,1	18,8	17,3	± 4,4	6.200

Peim sem búa einir eða eru einir með börn er hættara en öðrum að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Almennt má segja að þeir sem búa einir eða eru einir með börn séu í mestri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum. Þeir sem búa einir og eru 65 ára eða eldri eru líklegastir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk, eða 41,7%. Þar á eftir koma konur sem búa einar, 31,3% og þar á eftir einstæðir foreldrar, 23,3%. Vikmörk eru víð í þessum hópum vegna fámennis en það veldur því að ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli ára (skýring 11).

**Tafla 14. Lágtekjuhlutfall einstaklinga eftir heimilisgerð**

Table 14. At-risk-of-poverty rate of persons by household type

	Hlutfall Rate				2006	
	2003	2004	2005	2006	Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Estimated number
Heimili án barna						
<i>Households without dependent children</i>	10,2	11,2	8,9	10,8	± 1,8	11.800
Einn á heimili, undir 65						
<i>One person household, under 65 years</i>	20,9	24,2	12,6	17,7	± 4,9	3.900
Einn á heimili, 65 og eldri						
<i>One person household, 65 years and over</i>	24,3	22,6	27,6	41,7	± 8,9	4.400
Ein á heimili, kona						
<i>One person household, female</i>	24,0	22,9	19,4	31,3	± 7,0	4.600
Einn á heimili, karl						
<i>One person household, male</i>	20,4	24,4	15,6	20,7	± 5,8	3.700
Tveir fullorðnir undir 65, engin börn						
<i>Two adults under 65 years, no children</i>	8,1	9,7	6,8	7,0	± 2,5	2.600
Tveir fullorðnir, a.m.k. annar yfir 65, engin börn						
<i>Two adults, at least one 65+ years, no children</i>	3,0	2,3	3,6	2,3	± 1,8	600
Önnur barnlaus heimili						
<i>Other no dependent children</i>	1,8	3,0	4,6	2,2	± 2,1	300
Heimili með börn						
<i>Households with dependent children</i>	10,0	8,9	10,0	9,4	± 1,6	17.600
Einstætt foreldri með barn eða börn						
<i>Single parent, one or more dependent child</i>	21,9	14,7	27,1	23,3	± 7,6	4.600
Tveir fullorðnir með 1 barn						
<i>Two adults, 1 dependent child</i>	7,5	7,6	9,5	6,3	± 2,4	2.800
Tveir fullorðnir með 2 börn						
<i>Two adults, 2 dependent children</i>	7,2	8,3	6,2	7,1	± 2,6	3.800
Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri						
<i>Two adults, 3 or more dependent children</i>	12,1	10,9	10,1	11,7	± 3,9	4.900
Önnur heimili með börn						
<i>Other households with dependent children</i>	6,7	4,4	5,3	5,6	± 3,0	1.500



**Tafla 15. Hlutfall lífeyristekna 65–74 ára af tekjum vinnandi fólks 50–59 ára**  
*Table 15. Ratio of pension income of retired people 65–74 years old and income from working people 50–59 years old*

	Hlutfall <i>Ratio</i>				Vikmörk <i>CI</i> 2006
	2003	2004	2005	2006	
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>0,48</b>	<b>0,48</b>	<b>0,44</b>	<b>0,43</b>	<b>± 0,03</b>
Karlar <i>Males</i>	0,42	0,45	0,40	0,43	± 0,02
Konur <i>Females</i>	0,55	0,57	0,50	0,47	± 0,05

**Skýringar** *Notes:* Aldurshópur lífeyrisþega er 65 til 74 ára og aldurshópur þeirra vinnandi er 50 til 59 ára. Þetta er sambærileg aldursskipting og Evrópusambandið birtir í sínum töflum. *The age of pensioners is 65 to 74 and the age of working people in the table is 50 to 59. These age groups are comparable to what Eurostat publishes.*

Þegar miðgildi vinnutekna þeirra sem eru í vinnu á aldrinum 50 til 59 ára er borið saman við miðgildi lífeyristekna þeirra sem eru hættir á vinnumarkaði og eru á aldrinum 65 til 74 ára má fá vísbendingu um hversu mikið tekjur rýrna við það að hætta á vinnumarkaði. Aðrir tekjustofnar en launatekjur og lífeyrisgreiðslur eru ekki teknir með í reikninginn. Árið 2006 var miðgildi lífeyristekna þeirra sem hættir voru á vinnumarkaði 43% af miðgildi atvinnutekna fólks 50 til 59 ára. Karlar virðast lækka hlutfallslega meira í tekjum en konur við það að hætta á vinnumarkaði.

**Tafla 16. Heildartekjur 65 ára og eldri sem hlutfall heildartekna þeirra sem eru 45–54 ára**

*Table 16. Ratio of total income of persons 65 and older to the total income of persons 45–54 years old*

	Hlutfall <i>Ratio</i>				Vikmörk <i>CI</i> 2006
	2003	2004	2005	2006	
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>0,68</b>	<b>0,71</b>	<b>0,70</b>	<b>0,68</b>	<b>± 0,09</b>
Karlar <i>Males</i>	0,72	0,75	0,73	0,72	± 0,09
Konur <i>Females</i>	0,66	0,68	0,67	0,65	± 0,12

Þegar miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu hjá þeim sem eru 65 ára og eldri er borið saman við miðgildi sambærilegra tekna þeirra sem eru 45 til 54 ára kemur í ljós að eldri hópurinn er með 68% af tekjum þeirra yngri árið 2006. Þegar kynin eru borin saman kemur í ljós að karlar halda sínum tekjum betur en konur því að eldri hópurinn meðal karla er með 72% af því sem yngri hópurinn hefur en sambærilegt hlutfall hjá konum er 65% árið 2006. Hafa skal í huga að hluti eldri hópsins í töflu 16 er í vinnu en í töflu 15 er eldri hópurinn eingöngu lífeyrisþegar.

## Skýringar og hugtök

1. *Lágtekjuhlutfall og lágtekjumörk* Lágtekjuhlutfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 5) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.
2. *Miðgildi* Miðgildi (e. *median*) er sú tala sem lendir í miðjunni þegar öllum einstaklingum í talnasafni er raðað frá þeim lægsta til þess hæsta. Tilgangurinn er að gefa mynd af meðalmanninum. Miðgildið er oft notað frekar en meðaltalið þegar unnið er með tekjur fólks því einstaklingar sem hafa mjög háar tekjur geta haft mikil áhrif á meðaltalið.
3. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlífendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
4. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 3). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
5. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi  $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$  þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.
6. *Lágtekjuhlutfall greint eftir ákveðnum breytum* Lágtekjuhlutfall er greint eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, heimilisgerð og fleiri breytum. Stuðlarnir eru reiknaðir sem hlutfall (%) í hverjum flokki sem hefur ráðstöfunartekjur á neyslueiningu fyrir neðan lágtekjumörkin deilt með heildarfjölda í sama flokki. Ávallt er miðað við sömu lágtekjumörkin, þ.e. þau sem reiknuð eru af heildarfjöldanum.
7. *Staða á vinnumarkaði* Staða á vinnumarkaði (e. *the most frequent activity status*) er sú staða sem svarandi segist hafa haft meira en helming ársins.
8. *Börn og fullorðnir á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
9. *Fimmtungastuðull, S80/S20* Fimmtungastuðull (e. *income quintile share ratio*) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og sambærilegra tekna þeirra 20% tekjulægstu.

10. *Gini-stuðullinn* Gini-stuðullinn (e. *Gini-index*) mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 100 ef sami einstaklingur hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.
11. *Vikmörk* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin  $\pm 1,2$  eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þeirra vikmarka sem gefin eru. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.
12. *Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa* Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa telst ekki til ráðstöfunartekna (eða tekjuskerðingar) heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Hlutabréf gætu til dæmis hafa verið keypt fyrir 20 árum en verið seld með miklum hagnaði á því ári sem könnunin nær til og skilað sér í hárra upphæð inn á bankareikning viðkomandi. Eignin hefur myndast yfir 20 ára tímabil og gæti þess vegna hafa rýrnað á því ári sem könnunin mælir. Að sama skapi gæti fólk losað mikið fé með því að selja fasteign og hagnaður af slíkri sölu gæti verið umtalsverður ef tekið er mið af þróun undanfarinna ára á fasteignamarkaði. Slíkur gjörningur hefur þó ekki áhrif á ráðstöfunartekjur heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Bent hefur verið á að um getur verið að ræða mjög háar upphæðir sem gætu haft mikil áhrif á bæði Gini-stuðulinn og fimmtungastuðulinn. Hins vegar er mikilvægt að halda samræmi við önnur lönd svo að gögnin verði samanburðarhæf.
13. *Tekjuár og könnunarár* Í útgáfum sínum miðar Hagstofa Íslands og hagstofur hinna Norðurlandanna ávallt við tekjuár, það ár sem teknanna er aflað. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, miðar hins vegar við könnunarár í sínum útgáfum, það ár sem könnunin var gerð. Nýjasta könnunin sem hér er birt var framkvæmd í ársbyrjun 2007 en bæði spurningar um vinnumarkaðsstöðu svarenda og upplýsingar um tekjur sem fengnar eru úr skattskrá eiga við um árið á undan, 2006. Hagstofa Íslands birtir þess vegna upplýsingarnar undir árinu 2006 en Eurostat undir árinu 2007.

## English summary

The Gini-index, which shows the distribution of disposable income among people in private households in Iceland, was 28 in 2006. The index would be 100 if the one person had all the income of the country but 0 if everyone received equal income. The Gini-index has been growing every year from 2003 when it was 24.

When the 20% of persons receiving the highest disposable income are compared to the 20% with the lowest disposable income (quintile share ratio) in the year 2006 it can be seen that the highest income group has 3.9 times higher income than the lowest income group. The quintile share ratio has developed in a similar way as the Gini-index over the period between 2003 and 2006, going from 3.4 in 2003 to 3.9 in 2006.

Out of 29 European nations, Iceland ranked 15 to 16 when the nations were ordered from the lowest Gini-index to the highest. Iceland was 13 to 14 out of 29 when the quintile share ratio of the nations was ranked the same way. It seems that in the period between 2003 and 2006 the Gini-index and the quintile share ratio have increased more in Iceland than in most other European nations.

Out of 29 nations in 2006, Iceland was one of three nations with the lowest at-risk-of-poverty rate. The trend of this index differs from the other two since Iceland has consistently been among the lowest of the 29 European nations. This development might indicate that during the period 2003 to 2006 the income distribution in Iceland has become more unequal as those with the highest income have been increasing their income at a higher rate than the average person while those with the lowest income seem to be in a similar position relative to the median.

In the years 2003 to 2006 just below 10% of the population living in private households was at risk of poverty according to the EU-SILC definition. The at-risk-of-poverty threshold, set at 60% of median equivalised disposable income, was 126,000 ISK for persons living alone in 2006 and 264,500 ISK for two adults with two children. For age and gender the rate below the poverty threshold in the year 2006 is highest for women age 18 to 24, or just over 15%, and with women 65 and older just below 19%. The rate below the threshold was lowest with people 50 to 64 years old, 5 to 6%.

Persons with a university degree are at lower risk of poverty than those with primary or secondary education, or 4.3%. The at-risk-of-poverty rate for persons with primary or secondary education was 7.5% and 8% respectively.

A relatively high proportion of single people, with or without children, are below the poverty threshold compared to other household types. The same can be said about those who rent their apartments compared to home owners.

**Tafla 17. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður 2003–2006**Table 17. *The Gini index, European comparison 2003–2006*

	2003		2004		2005		2006	
	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>
Austurríki <i>Austria</i>	26	(6–9)	26	(7–11)	25	(5–6)	26	(8–13)
Belgía <i>Belgium</i>	26	(6–9)	28	(14–17)	28	(13–15)	26	(8–13)
Bretland <i>United Kingdom</i>	...	...	34	(24–25)	32	(19–21)	33	(23–25)
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	26	(6–9)	25	(4–5)	24	(1–4)	24	(3–5)
Danmörk <i>Denmark</i>	24	(2–3)	24	(2–3)	24	(1–4)	25	(6–7)
Eistland <i>Estonia</i>	37	(16)	34	(24–25)	33	(22–25)	33	(23–25)
Finnland <i>Finland</i>	25	(4–5)	26	(7–11)	26	(7–9)	26	(8–13)
Frakkland <i>France</i>	28	(10)	28	(14–17)	27	(10–12)	26	(8–13)
Grikkland <i>Greece</i>	33	(14–15)	33	(22–23)	34	(26)	34	(26–27)
Holland <i>Netherlands</i>	...	...	27	(7–11)	26	(7–9)	28	(15–16)
Írland <i>Ireland</i>	32	(13)	32	(20–21)	32	(19–21)	31	(19–20)
Ísland <i>Iceland</i>	24	(2–3)	25	(4–5)	26	(7–9)	28	(15–16)
Ítalía <i>Italy</i>	33	(14–15)	33	(22–23)	32	(19–21)	32	(21–22)
Kýpur <i>Cyprus</i>	...	...	29	(18)	29	(16)	30	(17–18)
Lettland <i>Latvia</i>	...	...	36	(26–28)	39	(29)	35	(28)
Litháen <i>Lithuania</i>	...	...	36	(26–28)	35	(27)	34	(26–27)
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	26	(6–9)	26	(7–11)	28	(13–15)	27	(14)
Malta <i>Malta</i>	...	...	27	(7–11)	27	(10–12)	26	(8–13)
Noregur <i>Norway</i>	25	(4–5)	28	(14–17)	30	(17)	24	(3–5)
Portúgal <i>Portugal</i>	38	(17)	38	(29)	38	(28)	37	(29)
Pólland <i>Poland</i>	...	...	36	(26–28)	33	(22–25)	32	(21–22)
Rúmenía <i>Romania</i>	31	(11–12)	31	(19)	33	(22–25)	33	(23–25)
Slóvakía <i>Slovakia</i>	...	...	26	(7–11)	28	(13–15)	24	(3–5)
Slóvenía <i>Slovenia</i>	...	...	24	(2–3)	24	(1–4)	23	(1–2)
Spánn <i>Spain</i>	31	(11–12)	32	(20–21)	31	(18)	31	(19–20)
Svíþjóð <i>Sweden</i>	23	(1)	23	(1)	24	(1–4)	23	(1–2)
Tékkland <i>Czech Republic</i>	...	...	26	(7–11)	25	(5–6)	25	(6–7)
Ungverjaland <i>Hungary</i>	...	...	28	(14–17)	33	(22–25)	26	(8–13)
Þýskaland <i>Germany</i>	...	...	26	(7–11)	27	(10–12)	30	(17–18)
Evrópusambandið <i>EU (25)</i>	30	...	30	...	30	...	30	...
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	...	...	30	...	30	...	...	...

**Tafla 18. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2003–2006**Table 18. *Income quintile share ratio, European comparison 2003–2006*

	2003		2004		2005		2006	
	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>
Austurríki <i>Austria</i>	3,8	(6)	3,8	(8–10)	3,7	(7–8)	3,8	(10–12)
Belgía <i>Belgium</i>	4,0	(8–9)	4,0	(13–16)	4,2	(14–15)	3,9	(13–14)
Bretland <i>United Kingdom</i>	...	...	5,8	(23–24)	5,4	(21)	5,5	(23–25)
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	4,0	(8–9)	3,7	(6–7)	3,5	(3–5)	3,5	(3–5)
Danmörk <i>Denmark</i>	3,4	(2–3)	3,5	(3–4)	3,4	(1–2)	3,7	(6–9)
Eistland <i>Estonia</i>	7,2	(17)	5,9	(25)	5,5	(22–24)	5,5	(23–25)
Finnland <i>Finland</i>	3,5	(4)	3,6	(5)	3,6	(6)	3,7	(6–9)
Frakkland <i>France</i>	4,2	(10)	4,0	(13–16)	4,0	(10–12)	3,8	(10–12)
Grikkland <i>Greece</i>	5,9	(15)	5,8	(23–24)	6,1	(26)	6,0	(27)
Holland <i>Netherlands</i>	...	...	4,0	(13–16)	3,8	(9)	4,0	(15–16)
Írland <i>Ireland</i>	5,0	(12)	5,0	(20)	4,9	(18)	4,8	(18)
Ísland <i>Iceland</i>	3,4	(2–3)	3,5	(3–4)	3,7	(7–8)	3,9	(13–14)
Ítalía <i>Italy</i>	5,7	(14)	5,6	(22)	5,5	(22–24)	5,5	(23–25)
Kýpur <i>Cyprus</i>	...	...	4,3	(18)	4,3	(16)	4,5	(17)
Lettland <i>Latvia</i>	...	...	6,7	(27)	7,9	(29)	6,3	(28)
Litháen <i>Lithuania</i>	...	...	6,9	(28–29)	6,3	(27)	5,9	(26)
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	3,9	(7)	3,8	(8–10)	4,2	(14–15)	4,0	(15–16)
Malta <i>Malta</i>	...	...	3,9	(11–12)	4,0	(10–12)	3,8	(10–12)
Noregur <i>Norway</i>	3,6	(5)	4,1	(17)	4,6	(17)	3,7	(6–9)
Portúgal <i>Portugal</i>	6,9	(16)	6,9	(28–29)	6,8	(28)	6,5	(29)
Pólland <i>Poland</i>	...	...	6,6	(26)	5,6	(25)	5,3	(20–22)
Rúmenía <i>Romania</i>	4,8	(11)	4,9	(19)	5,3	(19–20)	5,3	(20–22)
Slóvakía <i>Slovakia</i>	...	...	3,9	(11–12)	4,0	(10–12)	3,5	(3–5)
Slóvenía <i>Slovenia</i>	...	...	3,4	(2)	3,4	(1–2)	3,3	(1)
Spánn <i>Spain</i>	5,1	(13)	5,4	(21)	5,3	(19–20)	5,3	(20–22)
Svíþjóð <i>Sweden</i>	3,3	(1)	3,3	(1)	3,5	(3–5)	3,4	(2)
Tékkland <i>Czech Republic</i>	...	...	3,7	(6–7)	3,5	(3–5)	3,5	(3–5)
Ungverjaland <i>Hungary</i>	...	...	4,0	(13–16)	5,5	(22–24)	3,7	(6–9)
Þýskaland <i>Germany</i>	...	...	3,8	(8–10)	4,1	(13)	5,0	(19)
Evrópusambandið <i>EU (25)</i>	4,8	...	4,9	...	4,8	...	4,8	...
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	...	...	4,9	...	4,8	...	4,8	...

**Tafla 19. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2003–2006**Table 19. *At-risk-of-poverty rate, European comparison 2003–2006*

	2003		2004		2005		2006	
	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>	Stuðull <i>Coefficient</i>	Röð <i>Rank</i>
Austurríki <i>Austria</i>	13	(7–8)	12	(6–10)	13	(9–12)	12	(6–10)
Belgía <i>Belgium</i>	15	(9–10)	15	(17)	15	(16)	15	(16–17)
Bretland <i>United Kingdom</i>	...	...	19	(21–24)	19	(22–24)	19	(22–25)
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	15	(9–10)	14	(15–16)	14	(13–15)	14	(13–15)
Danmörk <i>Denmark</i>	11	(2–5)	12	(6–10)	12	(5–8)	12	(6–10)
Eistland <i>Estonia</i>	20	(13–16)	18	(19–20)	18	(19–21)	19	(22–25)
Finnland <i>Finland</i>	11	(2–5)	12	(6–10)	13	(9–12)	13	(11–12)
Frakkland <i>France</i>	13	(7–8)	13	(11–14)	13	(9–12)	13	(11–12)
Grikkland <i>Greece</i>	20	(13–16)	20	(25–27)	21	(28)	20	(26–28)
Holland <i>Netherlands</i>	...	...	11	(4–5)	10	(1–3)	10	(1–3)
Írland <i>Ireland</i>	21	(17)	20	(25–27)	18	(19–21)	18	(20–21)
Ísland <i>Iceland</i>	10	(1)	10	(2–3)	10	(1–3)	10	(1–3)
Ítalía <i>Italy</i>	19	(12)	19	(21–24)	20	(25–27)	20	(26–28)
Kýpur <i>Cyprus</i>	...	...	16	(18)	16	(17–18)	16	(18)
Lettland <i>Latvia</i>	...	...	19	(21–24)	23	(29)	21	(29)
Litháen <i>Lithuania</i>	...	...	21	(28–29)	20	(25–27)	19	(22–25)
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	12	(6)	13	(11–14)	14	(13–15)	14	(13–15)
Malta <i>Malta</i>	...	...	14	(15–16)	14	(13–15)	14	(13–15)
Noregur <i>Norway</i>	11	(2–5)	11	(4–5)	11	(4)	12	(6–10)
Portúgal <i>Portugal</i>	20	(13–16)	19	(21–24)	18	(19–21)	18	(20–21)
Pólland <i>Poland</i>	...	...	21	(28–29)	19	(22–24)	17	(19)
Rúmenía <i>Romania</i>	18	(11)	18	(19–20)	19	(22–24)	19	(22–25)
Slóvakía <i>Slovakia</i>	...	...	13	(11–14)	12	(5–8)	11	(4–5)
Slóvenía <i>Slovenia</i>	...	...	12	(6–10)	12	(5–8)	12	(6–10)
Spánn <i>Spain</i>	20	(13–16)	20	(25–27)	20	(25–27)	20	(26–28)
Svíþjóð <i>Sweden</i>	11	(2–5)	9	(1)	12	(5–8)	11	(4–5)
Tékkland <i>Czech Republic</i>	...	...	10	(2–3)	10	(1–3)	10	(1–3)
Ungverjaland <i>Hungary</i>	...	...	13	(11–14)	16	(17–18)	12	(6–10)
Þýskaland <i>Germany</i>	...	...	12	(6–10)	13	(9–12)	15	(16–17)
Evrópusambandið <i>EU (25)</i>	16	...	16	...	16	...	16	...
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	...	...	16	...	16	...	16	...

Hagtidindi  
Statistical Series

94. árg. • 27. tbl.  
ISSN 0019-1078

Laun, tekjur og vinnumarkaður  
*Wages, income and labour market*

2009:5

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (vefútgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* (+354) 528 1000

Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)